

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkj- **65**
um og börnum Seyðfirðinga þeirra er í sjó drukkna útgefin á venjulegan hátt að 26. júní
mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. júní 1903.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga þeirra, er í sjó drukkna,

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga þeirra, er í sjó drukkna.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með ágóða af fyrirlestri 3. dag febrúarmánaðar 1901.

3. gr.

Tekjur af sjóðnum eru:

1. Gjafir allra þeirra, er vilja rjetta sjóðnum hjálparhönd.
2. Ágóði af hverju því, er stjórn sjóðsins og aðrir kunna að safna, sjóðnum til hagnaðar.
3. Vextir af sjóðnum.

4. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur og börn þeirra manna, er í sjó drukkna, til þess að hafa ofan af fyrir sjer án fátækra styrks.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir stjórn hans, og skal hún sem allra mest taka til lit til þeirra, er:

- a. Hafa styrkt sjóðinn með tillögum eða gjöfum sem lengst og sem mest.
- b. Hafa átt lögheimili við Seyðisfjörð að minnsta kosti 3 ár.
- c. Standa eigi í skuld fyrir þeginu sveitarstyrk.
- d. Hafa með hyggindum, ráðdeild og atorku stuðlað til þess, að fiskiveiðarnar yrðu sem hættuminnstar, en þó sem notadrygstar og arðmestar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir sje til þriggja ára, og gildir kosning þeirra, er fyrst eru kosnir, til ársloka 1903. Sýslunefnd Norð-urmúlasýslu kys einn þeirra, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar annan og hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hinn þriðja. Varamenn skal ætíð kjósa á sama hátt, jafnmarga stjórnendunum, og taka þeir við störfum í forföllum hinna.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd, fjárheimtur, fjárveitingar

65 og reikningshald sjóðsins fyrir þann tíma, sem hún er kosin til. Hún velur sjer 26. júní sjálf formann og skiptir störfum milli sín eftir því, sem hún álitur hagkvæmast. Við hver áramót semur hún skýrslu yfir gjörðir sínar á árinu, og reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins fyrir sama tíma. Þessa skýrslu ásamt reikningum leggur stjórnin fyrir sýslunefnd Norðurmúlasýslu á aðalfundi hennar ár hvert. Þó skal bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps áður hafa átt kost á að rannsaka skýrsluna og reikninginn og gera athugasemdir við, en sýslunefndin hefir aðalumsjón með því, að sjóðnum sje stjórnað samkvæmt skipulagskránni og fullnadarúrskurðarvald um allar framkvæmdir og reikninga stjórnar hans.

8. gr.

Fje sjóðsins skal, svo fljótt sem verða má, komið á vöxtu í Söfnunarsjóði Íslands og skal standa þar um aldur og æfi sem föst innstæða, er aldrei má skerða. Vextina skal árlega leggja við innstæðuna þar til hún er orðin 1000 kr. Eptir að höfuðstóllinn nær 500 kr., má verja $\frac{3}{4}$ af hinum árlegu inntektum sjóðsins eptir því, sem stjórn hans þykir rjettast og hyggilegast, samkvæmt skipulagskrá þessari.

9. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur náð 1000 kr., má verja $\frac{1}{2}$ ársvöxtunum og $\frac{9}{10}$ hlutum af öðrum árlegum tekjum hans til styrkveitinga. Eptir að sjóðurinn nær 5000 kr. upphæð, skal eigi skylt að auka hann nema um 5 kr. ár hvert. Þá skal og stjórn sjóðsins í samráði við sýslunefndina í Norðurmúlasýslu úr því hafa heimild til að styrkja og efla sundiþrótt við Seyðisfjörð og hverskonar bjargráð, að svo miklu leyti, sem hún álitur sjer fært.

10. gr.

Á skipulagskrá þessari skal stjórn sjóðsins þegar beiðast konunglegrar staðfestingar.

Seyðisfirði, 16. apríl 1901.

Jóh. Jóhannesson.

Jón Jónsson.

Marteinn Bjarnarson.

Embættaveiting, skipun og lausn.

b. Veiting.

28. júlí var Ísak Sigurðssyni af landshöfðingja veitt vitavarðarstaðan við Skagatárvitann frá 1. ágúst 1903.